



Reykjanesbær
Björn Ingi Edvardsson
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 19.8.2025

Málsnúmer: 202506-0046

IAS

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Kynning tillögu á vinnslustigi.

Vísað er til erindis frá Reykjanesbæ frá 25. júní 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Endurskoðun á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2023- 2040 felur í sér endurmat á starfsemi svæðisins og að festa í sessi þá stefnu sem fram kemur í Þróunaráætlun Isavia til 2045.

Tillaga er um að flugbraut 07/25 verði aflögð. Brautin hefur ekki verið notuð í áratugi en flugbrautin er í stefnu yfir byggð. Gert er ráð fyrir nýrri flugbraut í lok skipulagstímabilsins.

Lagt er til nýtt flugþjónustusvæði, Demantssvæði, og á móti er athafnasvæði AT1 fellt niður.

Afmörkuð eru svæði til efnisvinnslu, þar sem jarðvegur er geymdur til síðari notkunar og afmarkað verður svæði til að meðhöndla mengaðan jarðveg.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna. Stofnunina gaf umsögn um skipulagslýsinguna þann 6. október 2023 og gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur